

Símenntun á Vesturlandi

129. stjórnarfundur Símenntunar var haldinn á Teams, 14.mars 2025 kl. 11:00 – 12:30

Mætt: Hrafnhildur Hallvarðsdóttir formaður, Kjartan Kjartansson, Jóhanna María Sigmundsdóttir, Áshildur Bragadóttir, Vignir Smári Mariásson og Guðrún Vala Elísdóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Starfsáætlun 2025. Framkvæmdastjóri kynnti starfsáætlun ársins.
2. Fjárhagsáætlun 2025 . Framkvæmdastjóri fór yfir fjárhagsáætlun ársins, gert er ráð fyrir rekstrartekjum upp á 146.303.800 kr., gjöldum upp á 144.054.000 kr. og rekstrarafgangi upp á 2.252.800 kr.
3. Endurskoðaður ársreikningur 2024 er ekki tilbúinn, en framkvæmdastjóri kynnti drög sem eru nærri lagi. Rætt um rekstraniðurstöðu sem er jákvæð, um 9.000.000 kr. hagnaður á árinu 2024. Samþykkt að senda endurskoðaðan ársreikning til rafrænnar undirritunar á stjórn, þegar KPMG hefur lokið vinnunni.
4. Undirbúningur aðalfundar. Aðalfundur verður haldinn 26. mars, kl. 10:25 – 11:15. Þar sem Kjartan Kjartansson er að láta af störfum hjá Höfða og Anna Jóna Kristjánsdóttir hjá Bifröst þarf að finna nýja stjórnarmeðlimi og kjósa þá til eins árs á aðalfundi.
5. Staða verkefna. Framkvæmdastjóri sagði frá þeim verkefnum sem eru í gangi og fram undan. Mörg íslenskunámskeið í gangi og tvær námsleiðir. Fleira í undirbúningi. Verktakar að sinna ráðgjöf eins og staðan er. Aðeins ein umsókn barst um auglýst starf náms- og starfsráðgjafa, og hún uppfyllti ekki skilyrðin.
6. Önnur mál
Framkvæmdastjóri sagði stjórn frá fyrirhugaðri dvöl á Heilsustofnunnninni í Hveragerði og verður í veikindaleyfi frá 16.maí til 23. júní nk. Samþykkt að Hekla Gunnarsdóttir verði staðgengill framkvæmdastjóra á meðan.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:26.